

REGLUR

um breytingu á reglum fyrir Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma nr. 775/2015.

1. gr.

1. mgr. 2. gr. reglnanna orðast svo:

Kirkjugarðsstjórn hefur m.a. á hendi umsjón og fjárhald Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma, sér um framkvæmd grafartöku og árlegt viðhald legstaða og annast greiðslu kostnaðar af lögboðinni starfsemi.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. reglnanna:

- a. Í stað orðsins „formanns“ í 1. tölul. 3. mgr. kemur: framkvæmdastjórnar.
- b. 4. tölul. 3. mgr. fellur brott og breytast númer annarra töluliða samkvæmt því.
- c. 6. tölul. 3. mgr., sem verður 5. tölul. 3. mgr., orðast svo: Ákvörðun á þóknun fyrir setu í framkvæmdastjórn Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma.
- d. 4. mgr. orðast svo: Endurskoðaðir reikningar samkvæmt 2. tölul. skulu sendir fundarmönnum með aðalfundarboði.

3. gr.

13. og 14. gr. reglnanna falla brott ásamt fyrirsögnum og breytist greinatala samkvæmt því.

4. gr.

Reglur þessar eru settar að tillögu kirkjugarðsstjórnar Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma samkvæmt heimild í 51. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993, og öðlast þegar gildi.

Dómsmálaráðuneytinu, 2. febrúar 2023.

F. h. r.

Berglind Bára Sigurjónsdóttir.

Fanney Óskarsdóttir.